

Svar við fyrirspurn

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Fjármála- og áhættustýringarsvið

Óskað hefur verið eftir svari fjármála- og áhættustýringarsviðs við framhaldsfyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, sem barst 12. ágúst 2021 og var lögð fram á fundi borgarráðs þann 22. júlí 2021. Fyrirspurnin er eftirfarandi:

„Fulltrúi Flokks fólksins hefur ítrekað spurt um ferðakostnað æðstu embættismanns/manna þjónustu og nýsköpunarsviðs en fengið í svörum hina og þessa hlekkina og sagt nánast að finna svörin sjálf. Fulltrúi Flokks fólksins hefur reynt að rýna í fundargerðir og hin og þessi svörin í leit að nákvæmum upplýsingum af t.d. ferðum sviðsstjóra þjónustu- og nýsköpunarsviðs síðustu 4 árin. Að fá nákvæmlega þá tölu í samanburði við aðra yfirmenn/sviðsstjóra hefur einfaldlega ekki tekist. Í einu svari, sem sent var borgarfulltrúa Flokks fólksins kom hins vegar fram að sviðsstjóra beri ekki skylda til að upplýsa um þessar tölur en vísa til eldri gagna. Það dugar ekki fulltrúa Flokks fólksins. Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur því fram enn á ný fyrirspurn varðandi ferðakostnað æðstu embættismanna Reykjavíkurborgar. Hver er ferðakostnaður hvers sviðs- og skrifstofustjóra í yfirstjórn Reykjavíkurborgar undanfarin 4 ár? Bent er á að eingöngu er verið að spyrja um kostnað hvers og eins embættismanns skrifstofu eða sviðsstjóra en ekki heildarkostnað hvers skrifstofu eða sviðs.“

Eftirfarandi er yfirlit yfir ferðakostnað yfirstjórnar Reykjavíkurborgar á tímabilinu júlí 2017 til og með nóvember 2021 sundurliðað á starfsheiti og ár:

Sundurliðun ferðakostnaðar - yfirstjórn	2017 júlí - des.	2018	2019	2020	2021 jan. - nóv.
Borgarlögmaður	217.361	306.529	249.703		51.021
Borgarritari	55.555	125.580	148.159		55.272
Borgarstjóri	829.855	628.047	1.354.091	198.557	239.974
Fjármálastjóri	259.151	111.421			
Mannréttindastjóri	265.745	70.438	492.150		82.042
Skrifstofustjóri borgarstjórnar	219.345	696.273	71.016		51.021
Skrifstofustjóri þjónustu og rekstrar	298.924	433.168			
Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs					51.021
Sviðsstjóri íþróttar- og tómstundsviðs		468.841	48.152		51.021
Sviðsstjóri mannauðs- og starfsþróunarsviðs			177.325		96.006
Sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs	239.585	1.370.154	1.029.130	79.910	20.000
Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs	129.571	349.131	75.875	270.429	65.921
Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs	632.753	729.878	1.151.196		65.921
Sviðsstjóri velferðarsviðs	211.956	85.589	337.326		51.021
Sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs			738.649	36.052	51.021
Heildarsumma	3.359.801	5.375.049	5.872.772	584.948	931.262

Samantektin felur í sér allan kostnað sem færður er á ferðir innanlands- og utan á viðeigandi tímabili. Í því felast eftirtaldir kostnaðarliðir:

- 5711 Ráðstefnur, námskeið og skólagjöld
- 5720 Fargjöld starfsmanna
- 5722 Dagpeningar starfsmanna
- 5725 Gisting starfsmanna
- 5728 Annar ferðakostnaður vegna starfsmanna
- 5729 Endurgr./ styrkir vegna námsferða starfsmanna

Halldóra Káradóttir
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs